

EFTIR EINN... ...EI AKI NEINN



Ölvunarakstur og akstur undir áhrifum lyfja og vímuefna er ein algengasta orsök slysa í umferðinni, þar á meðal banaslysa. Ölvunar-, lyfja- og vímuefnaakstur er lögbrot, sem tekið er á með sektum og sviptingu ökuleyfis til lengri eða skemmri tíma. Í þessum bæklingi er að finna upplýsingar um lög og reglur og fleira sem tengist ölvunar- og vímuefnaakstri. Einfaldasta leiðin til að forðast refsingu fyrir slíkan akstur er auðvitað sú að aka aldrei eftir að hafa drukkið áfengi eða neytt lyfja eða vímuefna. Sú regla getur forðað óþarfa fjárútlátum og óþægindum – og óþarfa slysi.

AMFETAMÍN, KÓKAÍN, ALSÆLA (ecstasy, e-pilla, MDMA)

Þetta eru örvandi efni sem geta haft afar slæm áhrif á aksturshæfni. Örvandi efni valda því að ökumaður finnur síður til þreytu á meðan hann er undir áhrifum. Þegar áhrifin dvína má búast við að ökumaður verði þreyttur og sljór og beini ekki athygli að akstrinum.

Ökumaður undir áhrifum örvandi efna er líklegur til að taka meiri áhættu en sá sem er allsgáður. Örvandi efni valda því að ökumaður finnur til oftrausts og það kemur fram í aksturslagi. Ökumaður ofmetur eigin getu og vanmetur aðstæður.

Sérstök áhrif örvandi efna geta verið:

- ▶ hvatvíslegt aksturslag
- ▶ hraðakstur
- ▶ óútreiknanleg hegðun í akstri
- ▶ of mikið álit á eigin getu
- ▶ áhættuhegðun
- ▶ vanmat á líkamlegri þreytu

Áhrif daginn eftir neyslu örvandi efna geta verið:

- ▶ þreyta og syfja
- ▶ hætta á að sofna undir stýri
- ▶ aðgæsluleysi í akstri

KANNABIS

Neytendur kannabisefna halda iðulega að þeir séu öruggari ökumenn ef þeir eru undir áhrifum af því að þeir aki hægur, þetta er rangt. Kannabisefni breyta tíma- og fjarlægðarskyni þannig að önnur ökutæki sýnast vera nær en þau eru í raun.

Sérstakar afleiðingar af að aka undir áhrifum kannabisefna geta m.a. verið:

- ▶ lengri tími fer í að taka ákvarðanir
- ▶ viðbragðstími lengist
- ▶ mat á tíma og fjarlægð verður ónákvæmt
- ▶ akstur verður hægur og aksturshraði ójafn
- ▶ árvekni minnkar
- ▶ dómgreind og sjálfs gagnrýni minnkar

HVAÐ GERIST EF NÆST TIL ÖKUMANNS?

Akstur undir áhrifum vímuefna er ein af algengustu orsökum alvarlegra umferðarslysa.

Sá sem ekur undir áhrifum vímuefna er talinn vera mörgum sinnum líklegri til að lenda í alvarlegu umferðarslysi en sá sem er ekki undir áhrifum.

Margir ökumenn, sem hafa valdið öðrum alvarlegum meiðslum vegna aksturs undir áhrifum, segja það hafa verið þungbærara en refsingin.

Viðurlög við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna geta haft víðtæk áhrif fyrir ökumanninn.

Ökumaður, sem í fyrsta sinn er staðinn að akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna, getur búið við:

- ▶ mörg hundruð þúsund króna sekt
- ▶ sviptingu ökuréttinda
- ▶ að lenda á sakaskrá
- ▶ að tekið sé strangar á endurteknum brotum

1 Ég er nýbúin(n) að borða svo mikið þannig að mér er óhætt að keyra!

Rétt er: Matur í maga dregur það lítið úr áhrifum að þrátt fyrir að hafa borðað mat skaltu gera ráð fyrir því að áfengi hafi letjandi áhrif á athygli þína og dómgreind.

2 Ég drakk svo lítið!

Rétt er: Einn drykkur er nóg til að hafa áhrif á getu þína til að aka og á hæfni til að bregðast við hættu.

3 Það er í lagi að keyra því það er svo langt síðan ég drakk síðasta drykkinn!

Rétt er: Langur tími þarf að líða frá því að þú neyttir áfengis til að vissu sé fyrir að áhrifa þess gæti ekki lengur. Jafnvel næsta dag eru miklar líkur á að enn gæti alkóhóls í blóði. Það gæti borgað sig að bíða allt að sólarhring, allt eftir því hve mikils er neytt.

4 Ég er að fara svo stutta vegalengd!

Rétt er: Slys verða, jafnvel þótt þú farir stutta vegalengd. Flest slys eiga sér stað á vegalengd sem er innan við 3 km frá upphafsstað.

5 Ég keyri hvort eð er hægt og varlega!

Rétt er: Það skiptir litlu hvað þú vandar þig við aksturinn, því dómgreind þín og öll sú hæfni sem þarf að vera í lagi við akstur er skert.

Það er engin réttlæting fyrir ölvunarakstri

Þetta eru nokkrar af algengum afsökunum sem ökumenn nota þegar þeir, skertir athygli og viðbragðsflýti, setjast undir stýri og aka undir áhrifum áfengis. Skoðum þetta aðeins nánar og við munum komast að því að það er ekki til nein afsökun eða réttlæting á ölvunarakstri.

Hægt að banna akstur þótt áfengi mælist minna en 0,5‰

Samkvæmt umferðarlögum má enginn vera undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis og geta sektir vegna ölvunaraksturs numið allt að 350 þúsund krónum og allt að 5 ára sviptingu. Ef lögregla mælir áfengi í öndunarprófi ökumanns hefur hún heimild til að banna viðkomandi að halda áfram akstri jafnvel þótt magn áfengis mælist undir refsimörkum sem eru 0,5 ‰. Þetta undirstrikar það að eftir einn drykk má ekki aka!

Viðbragðstími lengist og sjónsvið þrengist

En af hverju fer akstur og áfengi ekki saman? Áfengi lengir viðbragðstíma ökumanns og dregur úr hæfni hans til að bregðast rétt við aðsteðjandi hættu. Einnig minnkar hæfileikinn til að meta fjarlægð og hraða rétt. Ökumaður sem er undir áhrifum áfengis hefur þrengra sjónsvið. Hann á erfiðara með að meta hættur í jaðarsjónsviði og getur því ekki brugðist eins örugglega við þeim.

Þú getur setið uppi með allt tjónið

Ef þú átt þátt í umferðarslysi og áfengi mælist í blóðinu áttu það á hættu að tryggingafélagið geri þig ábyrgan fyrir öllu tjóni sem af hegðun þinni hlýst – jafnvel þótt mælanlegt magn áfengis sé mjög lítið. Þetta getur gerst jafnvel þótt þú hafir ekki valdið slysinu.

15 látast eða slasast á hverju ári

Meðalfjöldi þeirra sem slasast alvarlega og látast í umferðarslysum á Íslandi af völdum ölvunar- og/ eða vímuefnaaksturs eru ríflega 15 manns á einu ári. Ölvunar- eða vímuefnaakstur telst ekki til mannlegra mistaka. Einstaklingur sem veldur umferðarslysi vegna ölvunar þarf að bera byrðar vítaverðs kæruleysis alla sína ævi.